

Sp. 463. Tillaga til þingsályktunar [233. mál]
um aðstoð við aldraða og öryrkja við lagfæringar á gömlum íbúðum.

Flm.: Bragi Nielsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hið bráðasta þarfir aldraðs fólks og öryrkja, sem búa við olfukyndingu íbúða, fyrir lagfæringar og hitaeinangrun þeirra. Jafnframt verði leitað ráða til að aðstoða þetta fólk með beinum fjárstyrkjum eða mjög hagkvæmum lánum til þessara framkvæmda.

Greinargerð.

Sú almenna skoðun er ríkjandi, að heppilegt sé fyrir aldrað fólk að það dveljist í eigin íbúðum svo lengi sem heilsufar og félagslegar aðstæður frekast leyfa. Nú er það vitað, að margt gamalt fólk býr í gömlum og illa einangruðum húsum. Viðhaldi þessara húseigna er oft mjög ábótavant, auk þess sem mörg þessara húsa voru af vanefnum gerð í upphafi, meðan þjóðin bjó almennt við mun lakari lífskjör en nú gerist. Heppileg einangrunarefni voru ekki til, þegar húsin voru byggð, og gluggar voru með einföldu gleri sem leiddi vel kulda og skapaði mikinn raka og fúa. Mörg þessara húsa eru því hálfgerðir hjallar, og gamla fólkið hefur ekki efni á að betrumbæta þau. Af þessu leiðir að kyndingarkostnaður verður feikilega mikill. Þetta er erfiður baggi fyrir fólk, sem hefur lítið eða ekkert annað en ellilífeyri sér til framfærslu.

Nú þegar sjáanlegt er að olíuverð mun stórlega hækka á næstu tímum, jafnvel svo mjög að hitunarkostnaður meðalíbúðar getur hækkað um 240 þús. kr. á ári, þá gefur það auga leið að þjóðfélagið verður að koma þessu fólki til aðstoðar, og það sem allra fyrst.

Augljóst er, að mörgu gömlu fólki hrýs hugur við að hleypa sér í skuldir á efri árum, enda margt lítt vant slíkum leiðum. Því er hér hreyft þeirri hugmynd, að jafnframt því sem lánakerfi Húsnæðismálastofnunar kæmi þarna til aðstoðar yrði einnig athugað um beina styrki til þessa fólks.